

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 21. janúar 1982 um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætist:

Tollskrárn.	Vöruheiti
36.05.00	Neyðarblys til staðsetningar í flugvélum
37.05.01	Varahlutalistar á örfilmum (Microfilm Cartridges).

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., sbr. 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og ákvæði laga nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1982.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar.

1. gr.

Fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti kr. 6,00.
2. taxti kr. 35,00.

2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxta greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svara til tvöföldunar einstaklingslífeyris almannaþrygginga, auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem upphæðir þessar eru í þeim mánuði, sem heimilisþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur, skal hann greiða eftir 2. taxta. Hjón og sambýlisfólk er nota heimilisþjónustu greiði eftir 1. taxta, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1.5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxta ella.

3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari, ef umsókn þar að lútandi berst ráðinu og aðstæður krefja.